

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. júní 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á virðisaukaskattsumhverfi íþróttahreyfingarinnar (487. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Í tillögunni er lagt til að íþróttá- og ungmennafélög verði undanþegin virðisaukaskatti af starfsemi sinni og þau fái endurgreiddan virðisaukaskatt af byggingu íþróttamannvirkja á íþróttasvæðum sínum, vinnulaunum og efniskaupum.

Þjóðhagslegt mikilvægi íþróttahreyfingarinnar er óumdeilt og færa má rök fyrir því að hið opinbera eigi að styðja við hana með einhverjum hætti. Viðskiptaráð er þó almennt mótfallið auknum undanþágum frá greiðslu virðisaukaskatts. Íslenska virðisaukaskattkerfið er óskilvirkt og innheimtuhlutfall hérlandis er vel undir meðaltali OECD ríkja.¹ Það orsakast af miklu umfangi undanþága og því að margir veigamiklir vöru- og þjónustuflokkar falla undir lægra skattþrep, sem veldur því að hið almenna þrep skattsins hækkar (mynd 1).

Mynd 1: Mikið umfang undanþága og starfsemi í lægra þrepi virðisaukaskatts hækkar almenna þrepið og dregur þar með úr skilvirkni




Upptalning ekki tæmandi

Heimildir: Fjárlög 2012; Ríkisskattstjóri; Samtök atvinnulífsins; skýrsla fjármálaráðherra á Alþingi um einfaldara skattkerfi; Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá nánar í skýrslu OECD (2012), *Consumption Tax Trends 2012: VAT/GST and Excise Rates, Trends and Administration Issues*

Í dag er almennt þrep virðisaukaskatts á Íslandi það hæsta innan OECD eða 25,5%. Svo hátt hlutfall orsakar svokallað *velferðartap* (e. deadweight loss) sem lýsir sér í minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap hefur í för með sér tekjutap fyrir hið opinbera og það vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst (mynd 2).²

Mynd 2: Velferðartap vegna neysluskatta stafar af minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst.



Heimildir: Mankiw (2003); Viðskiptaráð Íslands

Auk velferðartaps fylgir undanþágum á borð við endurgreiðslu virðisaukaskatts umsýsla sem leiðir til aukins kostnaðar við framfylgni laganna. Með einfaldara skattkerfi má takmarka kostnað í stjórnarsýslu og atvinnulífi og þar með tryggja betur hag neytenda.

Að mati Viðskiptaráðs er nauðsynlegt að einfalda skattkerfið og auka skilvirkni þess með því að breikka skattstofn virðisaukaskatts með afnámi undanþága og sameiningu skattþrepa. Þannig mætti lækka hið almenna þrep skattsins. Þessi sjónarmið koma einnig fram í tillögum verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi. Verkefnisstjórnin leggur til að allar undanþágur frá virðisaukaskattkerfinu verði lagðar af eins og rúmast innan EES reglna.³

Viðskiptaráð fagnar því að fjármála- og efnahagsráðherra hafi nú skipað stýrihóp sem vinnur að endurskoðun á vörugjöldum og virðisaukaskatti. Umbætur á þessu sviði eru mikilvægur þáttur í opnun hagkerfisins og myndu þær bæta kjör neytenda og samkeppnisstöðu fyrirtækja. Að mati Viðskiptaráðs ætti að líta heildstætt á virðisaukaskattkerfið við endurskoðun þess. Því ætti ekki að undanskilja íprótta- og ungmennafélög, eða aðra hópa, þegar stefnt er að einföldun kerfisins.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

² Sjá skoðun Viðskiptaráðs (2012), Neysluskattar komnir á síðasta sölundag: http://www.vi.is/files/2012.12.12-Skodun-neysluskattar_1257937347.pdf

³ Sjá tillögur verkefnisstjórnarinnar: <http://samradsvettvangur.is/wp-content/uploads/2013/06/innlendtionusta.pdf>, bls. 186.